



# Ársskýrsla Pókersambands Íslands 2022

## Árspaning 2022 og stjórn

Árspaning PSÍ var haldið sunnudaginn 16. janúar 2022. Þingið fór í fyrsta sinn fram eingöngu á netinu, fyrst og fremst vegna samgöngutakmarkana sem enn voru í gildi, og mættu 4 til fundar. Það er oft sagt að það sé merki um almenna ánægju með stjórnun félagasamtaka þegar fáir mæta til aðalfundar og vonum við að fámennið megi túlka sem svo.

Allir aðalmenn í stjórn gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og kom einn nýr varamaður inn í stjórn.

Í stjórn PSÍ voru kjörnir:

- Már Wardum, formaður
- Jón Ingi Þorvaldsson, gjaldkeri
- Einar Þór Einarsson, ritari
- Guðmundur Helgi Helgason, varamaður
- Jónas Tryggvi Stefánsson, varamaður

Í mótanefnd voru kjörnir:

- Viktor Lekve
- Einar Þór Einarsson
- Guðmundur Helgi Helgason

Laga- og leikreglanefnd skipa:

- Jón Ingi Þorvaldsson
- Jónas Tryggvi Stefánsson
- Einar Þór Einarsson

Skoðunarmaður reikninga er:

- Ottó Marwin Gunnarsson

Tvær breytingar voru gerðar á reglugerð sambandsins um mótahald. Annars vegar var bætt inn grein 5 sem lýtur að hreinlæti og neyslu matar og drykkjar við keppnisborð. Hins vegar var grein 7. breytt til samræmis við reglur TDA um fjölda á lokaborði.

## Fjármál

Fjárhagur ársins 2022 var kominn í mjög góðar skorður eftir að hafa jafnt og þétt skilað jákværðri afkomu um 400-500þús kr. á ári sl. 4 ár. Við byrjuðum árið með rúmlega 2,2mkr í eigið fé og enduðum árið 2,7mkr jafnvel þrátt fyrir að hafa í fyrsta sinn sett töluverðan kostnað í starfsemi landsliðs.

164 félagar greiddu árgjöld fyrir 2022 og skilaði það kr. 984þús í kassann en aðildargjöld eru fyrst og fremst hugsuð til að dekkja alla starfsemi sambandsins aðra en rekstrur móta. Stefnan er að reka mótin sem næst á sléttu og vorum við mjög nálægt því þetta árið þar sem rekstur móta var 84.784 kr. fyrir ofan núllið, sem er 0,5% af heildarinnkomu á mótum. Í fyrsta sinn var stofnað til landsliðs og var heildarkostnaður vegna þess kr. 639þús. Rekstrarafkoma sambandsins var í heild jákvæð um kr. 463þús.

## Landslið í keppnispóker (Match poker)

Við komum á fót landsliði í keppnispóker í fyrsta sinn árið 2021 og gerði liðið sér lítið fyrir og vann sigur í sínu fyrsta móti og tryggði sér þar með rétt í úrslitakeppni International Federation of Match Poker. Sú keppni átti að fara fram í lok árs 2021 en var frestað vegna samkomutakmarkana. Mótið fór að endingu fram í maí 2022 í Makedóníu

Það voru 7 af upphaflega 10 manna hópnum sem komust í ferðina og með þeim í för var formaður PSÍ, Mát Wardum, sem fór með sem fararstjóri og team manager. Þau sem keppa fyrir Íslands hönd í Makedóníu voru:

- Egill Þorsteinsson
- Einar Þór Einarsson
- Garðar Geir Hauksson
- Gunnar Árnason
- Halldór Már Sverrisson
- Kristjana Guðjónsdóttir
- Mát Wardum
- Sævar Ingi Sævarsson

Auk þeirra voru í landsliðshópnum Daníel Pétur Axelsson, Inga Guðbjartsdóttir og Magnús Valur Böðvarsson en þau gátu ekki tekið þátt í þessu verkefni.

14 lið tóku þátt í úrslitakeppni IFMP (Nations Cup 2021) að þessu sinni og fóru öll liðin áfram yfir á dag tvö en á þeim degi féllu 4 lið úr keppni á fyrri hluta dagsins og síðan önnur 4 lið á síðari hluta dagsins.

Liðið okkar átti því miður brösótta byrjun á degi 1 og byrjaði dag 2 í 12.sæti. Okkar fólk átti síðan góða byrjun á degi 2 og tókst að hífa liðið upp í 9. sæti og komast þannig í gegnum fyrri niðurskurðinn en góður árangur á degi 2 dugði ekki til og íslenska liðið endaði daginn 10.sæti.

Við erum að sjálfsögðu stolt af okkar fólki og vonum að reynslan af þessu móti verði gott veganesti inn í næsta mót!



## Mótahald á árinu 2022

Á árinu tókst í fyrsta sinn síðan 2019 að halda öll þau mót sem hafa verið fastur liður á mótadagskránni undanfarin ár, en dagskráin fór aðeins úr skorðum á faraldursárunum 2020-2021.

Eftirfarandi mót voru haldin á árinu:

- Coolbet Bikarinn, 6.feb – 3.apríl – Coolbet
- Smábokki, 7.-9. apríl – Poker Express
- Stórbokki, 7.maí – Hugaríþróttafélagið
- PLO Íslandsmót, 17. sept. - Hugaríþróttafélagið
- Íslandsmótið í póker, 3.-6. nóv. – Hugaríþróttafélagið
- Íslandsmótið í net-póker, 27.nóv. - Coolbet
- Íslandsmótið í net-PLO, 4.des. - Coolbet

## Coolbet bikarinn 2022



Coolbet bikarinn var haldinn í þriðja sinn árinu og voru mótin 8 talsins að þessu sinni auk 9 manna lokaborðs sem leikið var viku eftir að stigakeppninni lauk.

Það var Sævar Ingi Sævarsson sem var stigahæstur að loknum mótunum 8 í stigakeppninni og kom því inn á lokaborðið með stærsta stakkinn en stakkstærð á lokaborðinu var í beinu hlutfalli við heildarstigafjölda. Þeir 9 sem urðu hlutskarpastir í stigakeppninni og komust á lokaborðið voru:

1. Sævar Ingi Sævarsson (SINGIS)
2. Inga Kristín Jónsdóttir (pingz)
3. Þórarinn Kristjánsson (Gollipolli)
4. Gunnar Árnason (OtherFkr)
5. Kristján Óli Sigurðsson (Hofdinginn2021)
6. Magnús Valur Böðvarsson (MagnusValue)
7. Andrés Vilhjálmsson (Nurdieh)
8. Már Wardum (DFRNT)
9. Atli Þrastarson (WhiskyMaster)

Á lokaborðinu voru síðan 4 glæsilegir vinningar í boði Coolbet en efstu tveir fengu pakka með hótalgistinu og miða á Coolbet Open Main Event að verðmæti €1300 og þeir sem urðu í 3. og 4. sæti fengu miða á Coolbet Open Main Event að verðmæti €550. Þeir sem enduðu í 5.-9. sæti á lokaborðinu fengu síðan €130 miða á undanmót fyrir Coolbet Open. Það var Atli Þrastarsson sem hreppti Coolbet bikarinn að þessu sinni og Sævar Ingi vann hinn stóra pakkann.

Þeir sem tóku efstu 4 sætin á lokaborðinu voru:

1. Atli Þrastarson (WhiskyMaster)
2. Sævar Ingi Sævarsson (SINGIS)
3. Gunnar Árnason (OtherFkr)
4. Magnús Valur Böðvarsson (MagnusValue)

## Smábokki 2022

**Matte Bjarne Karjalainen** vann sigur á Smábokka 2022 sem fram fór á Póker Express í apríl. Matte hafði forystu eftir dag1, var enn með chip-lead á búbbllunni þegar 8 voru eftir og sigldi staknum sínum örugglega í höfn eftir heads-up leik við Benedikt Óskarsson sem hafnaði í öðru sæti.

Þátttakendur voru 40 talsins að þessu sinni og keyptu 13 sig inn aftur þannig að alls voru 53 entry í mótið. Það eru aðeins færri þátttakendur en árið áður og er líklega að hluta til vegna nýlegrar afléttingar samkomutakmarkana á þeim tíma.

Kostnaðarhlutfall mótsins var fest í 15% og var það því lítillega niðurgreitt af PSÍ. Heildarverðlaunafé var 1.125.000 og skiptist það á milli 7 efstu sem hér segir:

1. Matte Bjarni Karjalainen, 400.000
2. Benedikt Óskarsson, 255.000
3. Sævaldur Harðarson, 160.000
4. Jónas Tryggvi Stefánsson, 110.000
5. Daníel Ingi Þorsteinsson, 85.000
6. Agnar Jökull Imsland Arason, 65.000
7. Jón Óskar Agnarsson, 50.000

Mótsstjórar voru Viktor Lekve, Már Wardum og Einar Þór Einarsson. Í störfum gjafara voru þau Silla, Sasa, Dís, Rannveig og Guðmundur Helgi.



## Stórbokki 2022

Stórbokki var reistur upp frá dauðum eftir að hafa verið felldur niður tvö ár í röð vegna Covid faraldursins.

**Matte Bjarni Karjalainen** gerði sér lítið fyrir og vann Stórbokkann líka, eftir að hafa tekið niður Smábokkann aðeins 4 vikum áður. Þetta er í fyrsta sinn sem sami einstaklingur vinnur báða titlana sama árið, en áður hafði Sveinn Rúnar unnið báða titlana á sitt hvoru árinu og verður hvort tveggja að teljast magnaður árangur.

Alls tóku 29 þátt í mótinu og voru auk þess 14 re-entry þannig að samtals voru 43 entry í mótið sem er besta þátttaka á Stórbokka síðan 2016! Verðlaunafé var samtals 5.235.000 og var kostnaðarhlutfall 13,2%. Verðlaunaféð skiptist á milli 6 efstu leikmanna sem hér segir:

1. Matte Bjarni Karjalainen, 1.500.000
2. Gunnar Árnason, 1.150.000
3. Wilhelm Nordfjord, 865.000
4. Jónas Tryggvi Stefánsson, 655.000
5. Tomasz Janusz Mroz, 565.000
6. Ingólfur Lekve, 500.000

Það var ekki annað að heyra á þátttakendum að rífandi ánægja hefði verið með mótið og það var ekki síst að þakka frábærri aðstöðu í nýjum salarkynnum Hugaríþróttafélagsins í Mörkinni 4.



Einar Þór, ritari PSÍ, stóð vaktina sem mótsstjóri með glæsibrag og Silla, Alexander og Þórunn sáu um gjafarastörfin af einstakri fagmennsku. Það var síðan Jón Ingi, gjaldkeri PSÍ, sem bar hitann og þungann af undirbúningi og skipulagi mótsins.

## PLO Íslandsmót 2022

Íslandsmótinu í Pot-Limit-Omaha fór fram 14.september í sal Hugaríþróttafélagsins og lauk mótinu með sigri **Róberts Gíslasonar**. Í öðru sæti varð **Jón Gauti Árnason** og í því þriðja varð **Stefán Hjalti Garðarsson**. Mótið hófst klukkan 14:00 og fór fram í nýjum glæsilegum salarkynnum Hugaríþróttafélagsins í Mörkinni. Þátttakendur voru 22 talsins og keyptu 9 þeirra sig inn aftur en eitt re-entry er leyft í þessu móti. Alls voru því 31 entry í mótið. Kostnaðarhlutfall var 15% og var verðlaunafé því 1.055.000 og skiptist það á milli 5 efstu með eftirfarandi hætti:

1. Róbert Gíslason, 380.000
2. Jón Gauti Árnason, 275.000
3. Stefán Hjalti Garðarsson, 190.000
4. Kristján Bragi Valsson, 125.000
5. Grétar Már Steindórssson, 85.000

Lokaborðið var skipað 7 síðustu leikmönnum eins og reglur gera ráð fyrir og auk verðlaunahafanna þá komust einnig á lokaborð þeir Hafþór Sigmundsson sem endaði í 6.sæti og Haukur Einarsson í 7.sæti. Hart var tekist á þegar 6 voru eftir, eða “á búbbblunni” og tók 2 og hálfan tíma að sprengja búbbbluna.



Mótsstjóri var Daníel Jóhannsson sem þreytti frumraun sína í mótsstjórn fyrir PSÍ með glæsibrag og í störfum gjafara var úrvalsið Omaha gjafara, þau Alexander, Silla og Rannveig.

## Íslandsmótið í net-póker 2022

Það var **Sindri Þór Kristjánsson** (SindriKriss) sem stóð uppi sem sigurvegari á Íslandsmótinu í net-póker sem fram 27.nóv. á Coolbet. Í öðru sæti var **Finnur Sveinbjörsson** og **Sævar Ingi Sævarsson** í því þriðja. Alls tóku 34 þátt í mótinu en það er aðeins færri en í fyrra og líklega hefur HM í knattspyrnu haft eitthvað með það að gera. Þátttökugjald var €150 og endaði verðlaunapotturinn í €4760 sem skiptist á milli 6 efstu á eftirfarandi hátt:

1. SindriKriss – €1761
2. Gautipoker – €1190
3. SINGIS – €714
4. Kiddi333 – €476
5. PhilMclvey – €357
6. OtherFkr – 262



## Íslandsmótið í net-PLO 2022

Það var **Einar Þór Einarsson** (MrDude), ritari stjórnar PSÍ, sem stóð uppi sem sigurvegari á Íslandsmótinu í net-PLO sem fram fór í kvöld á Coolbet. Í öðru sæti var **Gunnar Árnason** (OtherFkr) og **Kristján Bragi Valsson** (kiddi333) í því þriðja. Alls tóku 24 þátt í mótinu og voru 20 re-entry í mótið en leyfð voru tvö slík á mann. Þátttökugjald var €75 og endaði verðlaunapotturinn í €3080 sem skiptist á milli 7 efstu á eftirfarandi hátt:

1. Mr.Dude- €1078
2. OtherFkr – €693
3. kiddi333 – €462
4. Gollipolli – €308
5. Deingsi – €231
6. Silfurrefur – €169
7. Thorvaldz – €139

Þetta er fyrsta meistaramótið sem Einar vinnur á vegum PSÍ en hann hefur oft náð góðum árangri á mótum hér á landi, komst m.a. á lokaborð Íslandsmótsins 2021 og var valinn í fyrsta landslið sem sett var saman í fyrra í keppnis-póker (match poker) og keppti með liðinu í Makedóníu sl. vor.



## Íslandsmótið í póker 2022

Íslandsmótið í póker 2022 fór fram dagana 3.-6. nóv í sal Hugaríþróttafélagsins. Það var **Atli Rúnar Þorsteinsson** sem stóð uppi sem sigurvegari og hampaði Íslandsmeistaratitlinum í lok móts. Í öðru sæti varð **Hjalti Már Þórisson** og í því þriðja varð **Róbert Gíslason**, sem nýverið hafði unnið á Íslandsmótinu í PLO.

Alls tóku 89 þátt í mótinu að þessu sinni og af þeim komust 38 á dag 2. Heildarverðlaunafé var 5.900.000 og skiptist á milli 13 efstu og sá sem lenti í búbbilsætinu fær frían miða á ÍM 2023 eins og hefð hefur skapast fyrir. Kostnaðarhlutfall var 17,1%.

Haldin voru tvö hliðarmót, 15k re-entry mót á laugardeginum og 20k re-entry mót á sunnudeginum. Verðlaunafé í 15k mótinu endaði í 980.000 og var það Matte Bjarni Karjalainen sem vann sigur þar. Á Sunnudeginum var það síðan Karolis Jankauskas sem vann sigur í 20k mótinu.

Mótsstjóri og aðalskipuleggjandi mótsins var Jón Ingi Þorvaldsson, ritari PSÍ og honum til halds og trausts var Daníel Jóhannesson sem gegndi hlutverki ritara og meðdómara á mótinu. Störf gjafara voru í traustum höndum Alexanders, Sillu, Dísu, Bryndísar, Berglaugar, Ingu Kristínar, Þorra Birgis, Ástu Maríu og Bjarna Veigars.



Magnús Valur sá um beina textalýsingu frá lokaborðinu af sinni alkunnu snilld og þá ágætu heimild um mótíð má finna með því að [smella hér](#).

Verðlaunaféð á ÍM skiptist á milli 13 efstu á eftirfarandi hátt:

Sæti	Nafn	Verðlaunafé
1	Atli Rúnar Þorsteinsson	1.400.000
2	Hjalti Már Þórisson	1.000.000
3	Róbert Gíslason	780.000
4	Andri Már Ágústsson	620.000
5	Jesper Sand Poulsen	490.000
6	Daníel Guðni Guðmundsson	380.000
7	Kristinn Pétursson	290.000
8	Kalle Gertsson	220.000
9	Árni Guðbjörnsson	180.000
10	Hafsteinn Ingimundarson	150.000
11-12	Finnur Sveinbjörnsson	135.000
11-12	Friðrik Falkner	135.000
13	Þróstur Ólafsson	120.000
14	Sigurjón Kevinsson	Miði á ÍM 2023



## Ársreikningur PSÍ 2022

<b>Rekstrarreikningur 2022</b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>
<b>Rekstrartekjur</b>				
Félagsgjöld - (164 félagsgjöld)	984.000	1.338.000	636.000	996.000
Páttökugjöld móta	17.678.495	20.830.942	3.230.055	13.599.782
Sala á búnaði	10.000	20.000	15.000	150.000
Önnur fjáröflun	381.217	303.339	78.375	135.721
Samtals	<b>19.053.712</b>	<b>22.492.281</b>	<b>3.959.430</b>	<b>14.881.503</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Greiðslur til gjafara og starfsmanna móta	2.208.950	2.742.968	638.374	1.364.750
Verðlaunafé á mótum	15.018.934	17.835.000	2.929.000	11.318.000
Annar mótakostnaður	333.537	260.765	22.307	352.315
Verðlaunagripir	32.290	56.180	25.150	40.900
Landslið	638.656	0	0	0
Geymslukostnaður	0	60.000	361.992	364.737
Hýsing veflausna	62.386	62.386	65.092	118.298
Skrifstofu- og stjórnunarkostn.	59.070	95.774	106.555	108.340
Gjaldfærð áhöld	0	0	180.000	536.606
Auglýsingar	36.258	0	41.000	79.000
Bókhald og ráðgjöf	50.000	50.000	50.000	50.000
Annar rekstrarkostnaður	0	45.610	0	0
Samtals	<b>18.440.081</b>	<b>21.208.683</b>	<b>4.419.470</b>	<b>14.332.946</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>				
Fjármagnstekjur	3.691	1.292	3.943	708
Fjármagnsgjöld	-153.864	-134.153	-36.244	-90.672
Afskriftir	0	0	0	0
Samtals	<b>-150.173</b>	<b>-132.861</b>	<b>-32.301</b>	<b>-89.964</b>
<b>Rekstrarafkoma ársins</b>	<b>463.458</b>	<b>1.150.737</b>	<b>-492.341</b>	<b>458.593</b>
<b>Efnahagsreikningur 31.12.2022</b>				
<b>2022</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	
<b>Varanlegir rekstrarfjármundir</b>				
Áhöld og tæki	0	0	0	0
Skammtímaskuldir	0	0	0	0
Bankainnistæður í lok árs	2.698.394	2.284.936	1.084.199	1.576.540
Samtals í lok árs	<b>2.698.394</b>	<b>2.284.936</b>	<b>1.084.199</b>	<b>1.576.540</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>				
Eigið fé í upphafi árs	2.234.936	1.084.199	1.576.540	1.117.947
Langtímaskuldir	0	0	0	0
Skammtímaskuldir	0	50.000	0	0
Hagnaður ársins	463.458	1.150.737	-492.341	458.593
Samtals í lok árs	<b>2.698.394</b>	<b>2.284.936</b>	<b>1.084.199</b>	<b>1.576.540</b>